

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum í Breiðamerkudjúpi.

1. gr.

Frá og með 19. júlí 1991 þar til annað verður ákveðið eru allar togveiðar þar með taldar humarveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði í Breiðamerkudjúpi, sem markast af línunum, sem dregnar eru um eftirfarandi punkta:

1. 63°52'N – 16°20'V
2. 64°02'N – 16°03'V
3. 63°50'N – 15°51'V
4. 63°45'N – 16°07'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

11. tölul. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Múla, sem er Dalvík, Ólafsfjörður, Svarfaðardals- og Árskógshreppur. Hámarkstala er 10 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. júlí 1991.

Halldór Böndal.

Ólafur S. Valdimarsson.